

FORSETABRÉF

um frestun Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 90. löggjafarþings, frá 19. desember 1969 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 12. janúar 1970.

Gjört að Bessastöðum, 19. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

12. desember 1969.

Nr. 93.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1970 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölul. sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 12. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.